

47
30. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu,
13. apríl 1921.**

1. gr.

Orðin „og þó ekki lengur en til 30. júní“ í 9. gr. reglugjörðarinnar falli burt, en í stað þeirra komi: „þó skal leyfilegt að ala yrðlinga, sem nást á grenjum, til júliloka, ef nauðsynlegt er vegna sölu á þeim.“

2. gr.

Í stað orðanna „sektum frá 10—200 kr.“ í 14. gr. komi: „sektum frá 10—500 kr.“

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

48
31. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu
um fjallskil o. fl.**

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 5. greinar bætist:

Oddviti og einn maður úr hreppsnefnd þess hrepps, er vörðinn hefir sett, semur lista yfir alt það fje, sem þannig er selt út, og skal hreppsnefnd þess hrepps, er fjenaðareigendur eiga heima í, skylt að innheimta gjöldin hjá hlutaðeigendum samkvæmt lista þeim, sem áður er um getið og standa hreppsnefnd þess hrepps, er vörðinn hefir sett, skil á fyrir lok ágústmánaðar.